

Bæjarstórinn í Garðabæ
 Hr. Gunnar Einarsson
 Ráðhús Garðabæjar, Garðatorgi 7
 210 Garðabær

Reykjavík 2. nóvember 2018.

Stofnframlag sveitarfélaganna vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Á eigendafundi SORPU bs. þann 19. febrúar 2018 var fjallað um fjármögnunaráætlun vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU bs. og sveitarfélaganna. Sú fjármögnunaráætlun sem fyrir lá og var samþykkt er þannig:

Liður	2018	2019	SAMTALS
Framlag eigenda	350	200	550
Langtímalántaka		750	750
Skammtímalántaka	350	1.065	1.250
Fjármagnað af rekstri	300	595	1.060
SAMTALS	1.000	2.610	3.610

Ofangreind áætlun er í samræmi við samþykktu rekstaráætlun SORPU bs. 2018-2022.


Öllum útboðum er lokið og verktaki hefur hafið byggingu stöðvarinnar. Í samræmi við samþykkt eigendavettvangs er því óskað eftir að sveitarfélögin reiði af hendi það stofnframlag sem gert var ráð fyrir árið 2018 eða samtals 350 milljónir. Skv. 3. gr. stofnsamnings SORPU bs. skal viðbótarframlag greiðast í samræmi við íbúafjölda sveitarfélaganna þann 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Meðfylgjandi tafla miðar við íbúafjölda þann 1. desember 2017 skv. vef Hagstofunnar. Framlög skiptast þá þannig:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi, 1. desember 2017	Hlutfallsskipting	Stofnframlag, kr.
Reykjavíkurborg	126.109	56,77%	198.680.882,-
Kópavogur	35.902	16,16%	56.562.506,-
Hafnarfjörður	29.371	13,22%	46.273.114,-
Garðabær	15.691	7,06%	24.720.692,-
Mosfellsbær	10.514	4,73%	16.564.486,-
Seltjarnarnesbær	4.569	2,06%	7.198.320,-
SAMTALS	224.980	100%	350.000.000,-

Stofnframlagið óskast greitt inn á hlaupareikning SORPU bs. í Arionbanka fyrir 1. desember 2018:

0336-26-000005, kt. 510588-1189

Virðingarfyllst,
 f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
 Framkvæmdastjóri

Afrit: fjármálastjóri Garðabæjar, Hr. Lúðvík Hjalti Jónsson